**25. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 21. janúar 2016 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**
Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

1. **1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B**

   *Skipulags-og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi tillaga að breytingu að deiliskipulagi Breiðarsvæðis verði auglýst til kynningar og athugasemda í samræmi við 1. mgr. 41. gr. sbr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.*

   *Samþykkt með tveimur atkvæðum, Valgarður L Jónsson sat hjá við afgreiðslu málsins og óskar eftir að eftirfarandi verði bókað:*

   *Undirritaður fulltrúi í Skipulags- og umhverfisráði telur mikilvægt að mál þetta fari til umræðu og afgreiðslu á vettvangi bæjarstjórnar og setur sig því ekki á móti afgreiðslu þess í ráðinu.*
   *VLJ*

2. **1509147 - Snjómokstur og hálkueyðing - útboð 2016**

   *Skipulags-og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi samkomulag við Gámaþjónustu Vesturlands um að verksamningur um snjómokstur sem gilda átti til 1. maí 2017 verði styttur til 1. maí 2016. Sviðstjóra falið að undirbúa nýtt útboð.*

3. **1601378 - Jaðarsbakkar 1 - útisvæði sundlaugar.**

   Lögð fram fyrirliggjandi hönnunargögn.

   *Farið yfir fyrirliggjandi hönnunargögn. Sviðstjóra falið að kynna fyrirliggjandi tillögu fyrir hagsmunaaðilum.*

4. **1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016**

   Farið yfir stöðu framkvæmda 2016.

   *Farið yfir stöðu framkvæmda.*

5. **1501126 - Sorphirða - framlenging á samningi**

   *Málið kynnt.*

6. **1511344 - Ægisbraut 27, lóðarleigusamningur endurnýjun.**

   Lóðarleigusamningur er útrunninn og óskað er eftir endurnýjun samnings.

   *Sviðsstjóra falið að framlengja umræddan leigusamning vegna Ægísbrautar 27 um 20 ár með viðauka.*

   *Vegna óvissu um skipulag svæðisins til framtíðar skal þó kveðið á um að samningurinn sé uppsegjanlegur með tveggja ára fyrirvara af hálfu sveitarfélagsins.*

7. **1601381 - Starf skipulagsfulltrúa**

   *Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs víkur af fundi og sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs tekur sæti undir þessum lið.*

   *Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að tilkynna Sigurð Pál Harðarson sem skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar til Skipulagsstofnunar sbr. 1. mgr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

   *Skipulags- og umhverfisráð vísar ákvörðuninni til samþykktar bæjarstjórnar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:10.**

Einar Brandsson
Rakel Óskarsdóttir
Jóhannes Karl Guðjónsson
Kristín Sigurgeirsdóttir
Sig. P. H.
Valgarður L. J.
Hafdís Sig. rit.